

Ed. 1145. Breytingartillaga [502. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 77 1. okt. 1981, um dýralækna, sbr. l. nr. 69 18. maí 1982, um breyt. á þeim lögum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 1. gr. 1. efnismgr. greinarinnar orðist svo:

Þá skal skipaður sérstakur dýralæknir fisksjúkdóma. Dýralæknirinn skal hafa aflað sér sérmenntunar á sviði fisksjúkdóma og hafa réttindi og skyldur héraðsdýralækna. Hann skal, undir stjórn yfirdýralæknis, sinna vörnum, sjúkdómsgreiningu og reglubundnu eftirliti á sviði fisksjúkdóma og skal honum sköpuð starfsaðstaða í tengslum við fisksjúkdómadeild Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum.